

Reykjavík 3. nóv. 1997


Kæru systur í baráttunni.

Nú styttist í landsfund Kvennalistans sem verður haldinn helgina 15. - 16. nóv. Eftir því sem ég best veit verður framtíðin ekki rædd fyrr en á sunnudeginum og þá kann (verður?) að draga til tíðinda. Laugardagurinn fer í umræður um það hvort vilji sé fyrir jafnri stöðu karla og kvenna??? (hvert er þá orðið okkar starf í sex hundruð sumur???) Þetta umræðuefn er eins og að fara aftur á byrjunarreit, aftur fyrir tíma Rauðsokkahreyfingarinnar! Þarf að spryrja feminista að því, hver viljinn sé, af hverju er Kvennalistinn til!!!!!!!)

Hvað um það, hér með boða ég ykkur til fundar í Norræna húsinu á fimmtudag 6. nóv. kl. 16.30. Húsið lokar kl. 18.00, þannig að við verðum að vera snöggar eða þá að færa okkur. Verið stundvísar. Við verðum að undirbúa okkur undir fundinn og ákveða "strategíuna". Ég veit að sumar ykkar eru búnar að fá yfir sig nóg, en við verðum að mæta sem flestar í þéttri fylkingu. Þó að þið komist ekki á landsfund, hjálpið okkur hinum að finna leið sem við getum sætt okkur við.

Að mínum dómi er nú komið að lokakafla í sögu sem hefði átt að fara öðru vísni, en gert er gert. Ég vil helst ganga út með reisn og segja: við höfum gert mikið gagn og unnið afrek, en hér er orðin sú þróun innan Kvennalistans sem ég get ekki sætt mig við. Það er að segja ef það verður ofan á að halda áfram í kratavitleysunni, sem ég reikna frekar með miðað við síðasta samráðsfund. Eigum við að koma með tillögu um að Kvennalistinn hafni frekari viðræðum við A-flokkana og snúi vörn í sókn eða er önnur leið betri? Hugsið málið.

Sjáumst í Norræna húsinu á fimmtudag kl. 16.30.



Kristín
Ástgeirs dóttir